



ÁRSSKÝRSLA 2021



MÍMIR
Vertu meira!

Ársskýrsla 2021

Ábyrgðarmaður: Sólveig Hildur Björnsdóttir

Ritstjóri: Anney Þórunn Þorvaldsdóttir

Umbrot og uppsetning: Jónas Unnarsson

Ljósmyndir: Þorkell Þorkelsson, www.twenty20.com

Prófarkalestur: Jóhanna Steinunn Snorradóttir

ÁRSSKÝRSLA 2021

EFNISYFIRLIT

UM MÍMI	4
FRÁ FORMANNI STJÓRNAR	6
SVIPMYNDIR ÚR STARFI MÍMIS	7
FRÁ FRAMKVÆMDASTJÓRA	8
MANNAUÐUR	10
FRÆÐSLA	12
RÁÐGJÖF OG STÖÐUMAT	20
ÞRÓUNAR- OG SAMSTARFSVERKEFNI	23
GÆÐAMÁL	26
KYNNINGAR- OG MARKAÐSMÁL	27
ALMENNUR REKSTUR	28




UM MÍMI

Mímir-símenntun er fræðslufyrirtæki sem starfar á sviði framhaldsfræðslu og starfsmenntunar. Meginmarkmið Mímis-símenntunar er að skapa tækifæri til náms fyrir fólk með stutta formlega skólagöngu og hvetja fólk á vinnumarkaði til símenntunar og starfsþróunar. Annað meginmarkmið er að bjóða upp á fjölbreytta kennslu í íslensku sem öðru máli sem og tungumálanámskeið. Skipulag námsins tekur mið af þörfum vinnandi fólks og atvinnulífsins hverju sinni.

Mímir-símenntun er einkahlutafélag í eigu Alþýðusambands Íslands og hóf starfsemi sína árið 2003. Mímir er með þjónustusamning við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, starfar samkvæmt lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 og hefur viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðuneytisins til að annast framhaldsfræðslu. Einkahlutafélagið Mímir-símenntun er rekið til almannaheilla og því er ekki heimilt að greiða eigendum arð. Hagnaður af starfsemi félagsins er notaður til að efla mennta- og fræðslumál fullorðins fólks á íslenskum vinnumarkaði.

SKIPURIT MÍMIS



STEFNA MÍMIS

Framsækið þekkingar-fyrirtæki með fjölbreytt námstækifæri þar sem kennsla, ráðgjöf og mat á raunfærni eru í fararbroddi.

Öflugt samstarf við fagaðila, fyrirtæki og stofnanir um að skapa fjölbreytt og eftir-sóknarverð námstækifæri fyrir fullorðna einstaklinga.

Gæði, sveigjanleiki, nýsköpun og góð sam-skípti eru lykillinn að árangri.

GILDI MÍMIS

FRAMSÆKNI

Mímir er framsækið fyrirtæki sem sífellt leitar tækifæra til framfara og nýjunga.

FAGMENNSKA

Fagmennska er leiðarljós í öllum samskiptum. Við veitum framúrskarandi þjónustu og störfum eftir verkferlum sem tryggja áreiðanleika og gagnsæi.

SAMVINNA

Við erum ein liðsheild. Samskipti einkennast af virðingu, trausti og umburðarlyndi. Metnaðarfullt samstarf við fyrirtæki og hagsmunaaðila skilar okkur lengra.

HÚSNÆÐI

Mímir-símenntun er með höfuðstöðvar sínar (samtals 1758,6 fermetrar) að Höfðabakka 9 í Reykjavík. Öldugata 23 hefur einnig verið kennsluhúsnæði til fjölda

ára og er húsnæðið í eigu mennta- og menningar-
málaráðuneytisins en Mímir annast rekstur og eðli-
legt viðhald húsnæðisins.



FRÁ FORMANNI STJÓRNAR

MÍMIR HORFIR BJÖRTUM AUGUM TIL FRAMTÍÐAR

Framhaldsfræðslan er mikil samfélagsleg auðlind sem ákveðin sátt ríkir um. Tækifæri fyrir framhaldsfræðslukerfið og notkun þess eru mikil og því brýnt að nýta þau betur og í fleiri áttir. Framhaldsfræðslan hefur í gegnum árin verið farvegur þúsunda einstaklinga í atvinnulífinu aftur inn í skólakerfið í samstarfi við hið opinbera, starfsmenntasjóði og aðila vinnumarkaðarins. Mjög margir hafa einnig styrkt stöðu sína á vinnumarkaði og sótt vinnustaðanám með raunfærnimati á móti viðmiðum atvinnulífsins.

Styrkur framhaldsfræðslunnar liggur meðal annars í góðum tengslum við vinnumarkaðinn enda er framhaldsfræðslukerfið smíðað utan um hann og fullorðið fólk innan hans sem hefur litla formlega menntun. Framhaldsfræðsluaðilar eru ekki skilgreindir í íslensku skólakerfi sem formlegir skólar, þrátt fyrir að þeir sinni veigamiklu hlutverki við að hækka menntunarstig þjóðarinnar í gegnum framhaldsfræðslu með því að veita fullorðnu fólki annað tækifæri til náms.

Annar mikilvægur styrkur framhaldsfræðslunnar er mikill sveigjanleiki. Framhaldsfræðslukerfið getur brugðist hraðar við samfélagsbreytingum en formlega skólakerfið og þannig aðlagð sig hraðar að breytingum á vinnumarkaði. Framhaldsfræðslan stendur frammi fyrir miklum breytingum og Mímir er í stakk búinn til að takast á við þær breytingar.

Með tilflutningi framhaldsfræðslunnar til félags- og vinnumarkaðsráðuneytis sér Mímir tækifæri til að treysta enn frekar tengsl framhaldsfræðslunnar við vinnumarkaðinn. Vegna sveigjanleika framhaldsfræðslunnar er tilvalið að nýta kerfið enn frekar, meðal annars til að mæta þörfum atvinnulífsins sem snúa að tækniþreyingum og þeim hópi á vinnumarkaði sem telst vera í viðkvæmri stöðu gagnvart breytingunum, þ.e. yngri fólki með litla menntun, eldra fólki (60+) og innflytjendum.



Eyrun Björk Valsdóttir, formaður stjórnar

Mímir bindur miklar vonir við samstarf við nýtt ráðuneyti félags- og vinnumarkaðar og mun taka virkan þátt í að mæta ákalli vinnumarkaðarins vegna tækniþreyinga og breytinga starfa þess vegna sem og vegna loftslagsbreytinga fá framhaldsfræðslan þar víðtækara hlutverk. Þannig verði Mími gert kleift að veita því fullorðna fólki sem er í hvað mestri hættu á að sitja eftir vegna örra samfélagsbreytinga víðtækan stuðning. Þá bindur Mímir vonir við fyrirhugaða endurskoðun á löggjöf um framhaldsfræðslu og er tilbúinn til að leggja sitt af mörkum í þá vinnu verði eftir því leitað.

Starf Mímis er í sífelldri þróun sem er samtímis mjög spennandi og afar nauðsynleg fyrir símenntunarmiðstöð. Mímir hefur á að skipa hugmyndaríku og lausnamiðuðu starfsfólki sem gerir starfið árangursríkt og skemmtilegt. Fyrir hönd stjórnar Mímis vil ég þakka starfsfólki, kennurum og samstarfsaðilum kærlega fyrir samstarfið á árinu. Saman erum við sterkari.

SVIPMYNDIR ÚR STARFI MÍMIS



FRÁ FRAMKVÆMDASTJÓRA

LIÐSHEILD SEM ALDREI FYRR

Tvennt má segja að staðið hafi upp úr í starfsemi Mímis á þessu viðburðaríka ári. Annars vegar öryggis- og gæðamál með tilheyrandi úttektum og viðurkenningum sem leggja grunninn að starfi Mímis. Hins vegar ráðstafanir Mímis vegna heimsfaraldurs COVID-19, óveðurs og náttúruvárs en starfsfólk sýndi eftir sem áður útsjónarsemi í þjónustu við viðskiptavinum við síbreytilegar og krefjandi aðstæður.

Á heildina litið var árið 2021 farsælt í starfsemi Mímis. Rekstrarafgangur varð hjá Mími upp á 7,8 milljónir króna en hann var um fjórar milljónir árið á undan. Heildartekjur námu 458,2 milljónum króna og það er nettóhækkun upp á 18 milljónir króna frá árinu á undan. Þá hækkun má alfarið rekja til íslenskukennslu fyrir útlandinga en tekjur af henni hækkðu um 20,6 milljónir króna á milli ára sem er meginskýring á tekjuafgangi ársins. Nemendastundum fækkaði um 3% milli ára og munar þar mestu um fækkun nemendastunda í vottuðum námsbrautum eða um 9%. Hins vegar fjölgaði nemendastundum um 9% í íslensku. Það skýrist af fjölgun námskeiða í íslensku fyrir vinnustaði en eftirspurn eftir þeim jókst samhlíða því sem dró úr áhrifum samkomutakmarkana í samfélaginu.

Óslitn starfsemi þrátt fyrir heimsfaraldur og náttúruvá

Árið byrjaði með látum. Ofan á síbreytilegar sóttvarnatæknir stjórnsvalda vegna heimsfaraldursins tók hver óveðursspáin við af annarri auk þess sem jörð tók að hristast. Hrina jarðskjálfta reyndist svo vera undanfari eldgoss á Reykjanesi sem hófst 19. mars. Allt þetta setti sitt mark á starfsemi Mímis því grípa þurfti til ýmissa ráðstafana til að tryggja samfellu í rekstrinum og áfram góða þjónustu við viðskiptavinum. Starfsemin hafði þegar gengið í gegnum mikilvægan lærdóm af því að starfa á tímum heimsfaraldurs frá því árinu á undan og nýttist sú reynsla vel í að halda úti óslitinni starfsemi. Þróun í aukinni stafrænni þjónustu Mímis var flýtt og fjarþjónusta aukin með tilheyrandi fjárfestingu í tækniinnviðum. Sumar breytinganna eru komnar til að vera enda hafa þær fengið jákvæðar undirtektir hjá viðskiptavinum.

Gæðamál í fyrirrúmi

Mörgum áföngum var náð við að efla og tryggja gæði í starfsemi Mímis. Mímir hlaut endurnýjun á EQM+ gæðavottun fræðsluaðila (European Quality Mark)



Sólveig Hildur Björnsdóttir, framkvæmdastjóri

um að starfsemin standist evrópskar kröfur um gæði fræðslustarfs, raunfærnimats og náms- og starfsráðgjafar. Þá fór fram á árinu undirbúningur umsóknar um viðurkenningu fræðsluáðila hjá Menntamálastofnun og hlaust viðurkenningin í upphafi árs 2022. Hvort tveggja gæðavottanirnar eru skilyrði fyrir því að Mímir geti annast framhaldsfræðslu. Þá fór fram innra mat á starfseminni eins og samningur við ríkið gerir ráð fyrir og fóru umbætur fram í lok árs.

Í byrjun árs hófst vinna við að endurskoða nám og kennslu á íslenskunámskeiðum fyrir útlandinga. Fjöldi hagaðila tók þátt í að greina bæði innra og ytra umhverfi Mímis með tilliti til þessarar þjónustu, þar á meðal fulltrúar úr hópi viðskiptavina Mímis, bæði þeir sem hafa sótt námskeið í íslensku og fulltrúar atvinnurekenda á vinnustöðum sem skipta við Mími. Þá tóku þátt í greiningunni fulltrúar úr kennarahópi Mímis, samtökum atvinnurekenda, samtökum innflytjenda og þjónusturáðgjafar innflytjenda sem og starfsfólk Mímis. Úr varð ný stefna, hlutverk og framtíðarsýn auk þess sem nokkur lykilmærkið voru sett og helstu verkefni kortlögð. Áfram verður unnið að því að efla íslenskunámskeiðin á árinu 2022.

Mímir festi kaup á hágæða tækniúnaði til fjarfunda og fjarkennslu og myndar hann brú yfir í kennslukerfi Mímis. Hljóð- og myndgæði eru tryggð og geta bæði nemandi og kennari náð góðum tengslum rétt eins og þeir væru staddir í sama rýminu. Búnaðurinn gerir Mími kleift að ná til breiðari hóps, veita jafnvel fleirum

þjónustu á sama tíma án þess að það þurfi að koma niður á gæðum. Þá er búnaðurinn einfaldur í notkun og aðgengilegur. Mímir fjárfesti einnig í gagnvirkum kennsluskjám sem eru nú í öllum kennslustofum. Þetta er í samræmi við aukna áherslu Mímis á góða og skilvirka þjónustu við kennara og viðskiptavini.

Mímir leitaði til tæknifyrirtækis um að gera úttektir og veikleikaskannanir á tölvukerfum, með tilliti til gagnaöryggis og persónuverndar sem Mímir styðst við. Rekstrarumhverfi Mímis var kortlagt með tilliti til upplýsingaöryggis. Í niðurstöðum úttekta voru lagðar fram tillögur að úrbótum til þess að tryggja megi framúrskarandi öryggi og rekstrarsamfellu sem var strax ráðist í að framkvæma í samvinnu við þjónustuaðila Mímis í tæknimálum.

Nýsköpun í takt við samfélagið

Á vormánuðum lauk Mímir við gerð kennsluefnis í samfélagsfræðslu fyrir flóttamenn sem unnið var fyrir Vinnumálastofnun samkvæmt þjónustusamningi þess efnis sem var undirritaður í nóvember 2019 eftir útboðsferli. Kennsluefnið hlaut nafnið Landneminn og er hýst hjá Vinnumálastofnun en það hefur svo verið kennt á námskeiðum sem eru hluti af samræmdri móttöku flóttafólks. Við gerð fræðsluefnisins var leit að til ýmissa hagaðila um yfirlestur og ábendingar enda er fræðsluefnið víðfeðmt og tekur á mörgum samfélagslegum þáttum. Í framhaldi af útgáfu Landnemans fól Vinnumálastofnun Mími að þróa kennslufræðinámskeið fyrir leiðbeinendur á námskeiðum Landnemans.

Mímir bauð í gegnum vinnumarkaðsátakið Nám er tækifæri í samstarfi við Vinnumálastofnun upp á náms- og starfsráðgjöf, raunfærnimat og nám í vottuðum námsbrautum framhaldsfræðslunnar án þess að það hefði áhrif á greiðslur til atvinnuleysisbóta. Ekki stóð á Mími við framboð þessara þjónustubátta en því miður sóttu fáir þessi úrræði í gegnum Vinnumálastofnun á höfuðborgarsvæðinu að undanskilinni náms- og starfsráðgjöf sem mikil aðsókn var í.

Sístækkandi miðstöð fyrir próftöku

Sífelld fleiri leita til Mímis um að þreyta háskólapróf. Samstarf Mímis við Háskólann á Akureyri, Háskólann

á Bifröst og Landbúnaðarháskóla Íslands hélt áfram en Mímir býður nemendum þeirra upp á aðstöðu til próftöku og sér um fyrirlögn prófa. Próftaka jókst um 68% á milli ára en 649 manns tóku próf hjá Mími árið 2021 en 204 árið 2020. Þá sér Mímir um framkvæmd íslenskuprófa vegna umsókna um íslenskan ríkisborgararétt en prófin eru á vegum Menntamálastofnunar. Leiða má líkur að því að áhrif samkomutakmarkana skili sér nú í uppsafnaðri þörf með þessari aukningu milli ára.

Alls þreyttu 266 einstaklingar stöðumat í íslensku árið 2021 en hjá Mími er væntanlegum þátttakendum á almennum íslenskunámskeiðum boðið að sækja stöðumat í íslensku svo hægt sé að ráðleggja það námskeið sem hentar best. Einnig býður Mímir upp á próf í íslensku sem hægt er að nýta til umsóknar um ótímabundið dvalarleyfi hér á landi. Þá býður Mímir íslenskupróf vegna starfsleyfa hjá Landlækniseignarættinu.

Hreyfiafl til góðra verka

Þegar lítið er yfir árið 2021 er mér þakklæti efst í huga. Kennarar og nemendur Mímis sýndu mikla þolinmæði við fyrrnefnt rask á námi og kennslu vegna sóttvarnatakmarkana. Á sama tíma höfum við fengið jákvæð viðbrögð við nýjum tæknilausnum sem jafnframt má sjá í aukinni notkun.

Mímir hlaut í þriðja sinn viðurkenningu Creditinfo sem framúrskarandi fyrirtæki árið 2021 auk þess að uppfylla fjórða árið í röð ströng skilyrði Viðskiptablaðsins og Keldunnar til að teljast fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri árið 2021. Aðeins 2-3% allra virkra fyrirtækja á Íslandi hljóta þessar viðurkenningar ár hvert.

Um leið og ég þakka stjórn Mímis fyrir samstarfið á árinu vil ég sérstaklega þakka starfsfólki Mímis fyrir þann dugnað og eljusemi sem það sýndi á því krefjandi ári sem 2021 var. Ég hef fulla trú á því að Mímir eigi sér bjarta framtíð með svo öflugt starfsfólk í fararbroddi. Nú horfum við til bjartari tíma, byggjum framtíðina á sífelldri þróun starfseminnar í takti við nýjungar sem og ríkulegum mannaúði Mímis. Saman erum við hreyfiafl til góðra verka.

MANNAUÐUR

Í stjórn Mímis sitja fimm aðalmenn og þrír varamenn. Stjórnina skipa Eyrún Björk Valsdóttir formaður, Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir varaformaður, Ragnar Ólason meðstjórnandi, Lilja Kristbjörg Sæmundsdóttir meðstjórnandi og Eyþór Árnason meðstjórnandi. Varamenn eru Sólveig Anna Jónsdóttir, Hilmar Harðarson og Selma Kristjánsdóttir.

Mannauður Mímis samanstendur af öflugum starfsmönnum og leiðbeinendum sem skila því faglega og góða starfi sem unnið er hjá Mími. Stöðugildi hjá Mími voru 19,4 árið 2021, einu fleiri en árinu á undan. Þá voru 125 í verktöku hjá Mími, meðal annars við kennslu og er það einnig svipaður fjöldi og árið 2020.

STJÓRN

Eyrún Björk Valsdóttir
formaður

Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir
varaformaður

Ragnar Ólason
meðstjórnandi

Eyþór Árnason
meðstjórnandi

Lilja Kristbjörg Sæmundsdóttir
meðstjórnandi

Hilmar Harðarson
varamaður

Selma Kristjánsdóttir
varamaður

Sólveig Anna Jónsdóttir
varamaður





NÚVERANDI STARFSMENN

Alma Guðrún Frímannsdóttir
verkefnastjóri

Anna Sólveig Sigurðardóttir
verkefnafulltrúi

Álfhildur Eiríksdóttir
náms- og starfsráðgjafi/
verkefnastjóri

Berta Stefánsdóttir
verkefnafulltrúi

Bryndís Bessadóttir
gjaldkeri/verkefnastjóri

Gunnar Páll Pálsson
verkefnastjóri kynningar- og
markaðsmála

Harpa Sif Þórsdóttir
náms- og starfsráðgjafi/
verkefnastjóri

Ingunn Guðmundsdóttir
sviðsstjóri/staðgengill
framkvæmdastjóra

Irma Matchavariani
verkefnastjóri

Joanna Dominiczak
verkefnastjóri

Jóhanna Steinunn Snorradóttir
bókari

Karen Guðmundsdóttir
náms- og starfsráðgjafi/
verkefnastjóri

Kristín Erla Þráinsdóttir
náms- og starfsráðgjafi/
verkefnastjóri

María Stefanía Stefánsdóttir
náms- og starfsráðgjafi/
verkefnastjóri

Sigríður Droplaug Jónsdóttir
sviðsstjóri

Sólborg Jónsdóttir
viðskiptastjóri/verkefnastjóri

Sólveig Hildur Björnsdóttir
framkvæmdastjóri

Svanhvít Bragadóttir
verkefnafulltrúi

Vala Sigurlaug Valdimarsdóttir
verkefnastjóri

Þórunn Grétarsdóttir
verkefnastjóri

FRÆÐSLA

Skólahald hélst óslitið árið 2021 þrátt fyrir að Covid-19 veiran hefði verið enn allsráðandi í samfélaginu og samkomutakmarkanir síbreytilegar. Starfsemin hafði þegar gengið í gegnum mikilvægan lærdóm af því að starfa á tímum heimsfaraldurs frá því árinu á undan og nýttist sú reynsla vel í að halda úti óslitinni starfsemi.

Nemendastundum fækkaði um 3% milli ára og munar þar mestu um fækkun nemendastunda í vottuðum námsbrautum eða um 9%. Hins vegar fjölgaði nemendastundum um 9% í íslensku sem skýrist af fjölgun námskeiða í íslensku fyrir vinnustaði en eftirspurn eftir þeim jókst samhliða því sem dró úr áhrifum samkomutakmarkana í samfélaginu. Líkt og áður dugði árlegur fjárstyrkur mennta- og menningarmálaráðuneytis til íslenskunámskeiða hjá Mími ekki til að mæta eftirspurn eftir námskeiðum heilt yfir árið 2021.

Á vormánuðum lauk Mímir við gerð kennsluefnis í samfélagsfræðslu fyrir flóttamenn sem unnið var fyrir Vinnumálastofnun samkvæmt þjónustusamningi þess efnis undirrituðum 12. nóvember 2019 eftir útboðsferli. Verkefninu var formlega hleypt af stokkunum með opunarhófi í húsnæði Vinnumálastofnunar þann 28. október 2021. Kennsluefnið hlaut nafnið Landneminn og er hýst hjá Vinnumálastofnun en það hefur svo verið kennt á námskeiðum sem eru hluti af samræmdri móttöku flóttafólks. Á námskeiðinu sem telur 40 klukkustundir fá nemendur kennsluna á móðurmáli sínu en við hönnun efnisins var litið til margbreytileika málhópanna. Kennsluefnið var gefið út á sjö tungumálum en auk ritaðs efnis fylgir upplestur á hverju móðurmáli fyrir sig. Við gerð kennsluefnisins var leitað til ýmissa hagaðila um yfirlestur og ábendingar enda er fræðsluefnið víðfeðmt og tekur á mörgum samfélagslegum þáttum. Í framhaldi af útgáfu Landnemans fól Vinnumálastofnun Mími að þróa kennslufræðinámskeið fyrir leiðbeinendur á námskeiðum Landnemans. Á árinu hélt Mímir fjögur námskeið í Landnemanum fyrir flóttafólk, tvö á ensku og tvö á arabísku. Auk þess voru haldin þrjú námskeið í kennslufræði fyrir leiðbeinendur í Landnemanum; tveir staðnáms hópar, annar á ensku og hinn á íslensku og einn fjarnáms hópur.

Samstarf við Vinnumálastofnun um „Nám er tækifæri“

Mímir bauð í gegnum vinnumarkaðsátakið Nám er tækifæri í samstarfi við Vinnumálastofnun upp á

náms- og starfsráðgjöf, raunfærnimat og nám í vottuðum námsbrautum framhaldsfræðslunnar án þess að það hefði áhrif á greiðslur til atvinnuleysisbóta.


Ekki stóð á Mími við framboð þessara þjónustupátta. Atvinnuleitendum stóðu til boða 25 mismunandi námsbrautir á árinu sem ýmist voru kenndar á íslensku, ensku eða pólsku. Afar fáir sýndu námsbrautum á höfuðborgarsvæðinu áhuga í gegnum Vinnumálastofnun. Þátttaka varð því mjög dræm hjá Mími og voru flestar námsbrautirnar felldar niður vegna þess. Betur gekk hjá sumum símenntunarmiðstöðvum úti á landi að fara af stað með námsbrautir fyrir atvinnuleitendur en miðstöðvum á höfuðborgarsvæðinu. Ástæðuna má fyrst og fremst rekja til mismunandi aðferðafræði og áherslna Vinnumálastofnunar á landsvæðum við nýtingu á fjármagni og þjónustu við markhópin. Þá hafði sú áherslubreyting sem Vinnumálastofnun tilkynni miðstöðvum á höfuðborgarsvæðinu, þegar átakið Hefjum störf fór af stað frá 1. apríl, um að Vinnumálastofnun myndi ekki leggja áherslu á Nám er tækifæri heldur Hefjum störf vafalaust áhrif á að eftirspurn í námsbrautir á höfuðborgarsvæðinu varð lítil.

Fjölmargir atvinnuleitendur sóttu í náms- og starfsráðgjöf hjá Mími í gegnum Vinnumálastofnun eða samtals 187. Lögð var áhersla á að virkja atvinnuleitendur, einkum þá sem höfðu verið án atvinnu í sex mánuði eða lengur, með náms- og starfsráðgjafarviðtölum eða öðrum þeim vinnumarkaðsúrræðum sem hentuðu viðkomandi einstaklingi.


Enginn sótti raunfærnimat hjá Mími í gegnum vinnumarkaðsátak Vinnumálastofnunar Nám er tækifæri, þrátt fyrir að framboð væri til staðar.

Þrátt fyrir að nám í íslensku fyrir útlendinga væri talið hluti vinnumarkaðsátaks Vinnumálastofnunar undir merkjum Nám er tækifæri og mikil ásókn væri í það úrræði fyrir atvinnuleitendur þá kom ekki aukið fé til verksins til handa framkvæmdaaðilum kennslunnar fyrr en í lok árs 2021 eftir umsóknarferli. Fjármagninu var úthlutað með þeim fyrirvara að það yrði nýtt á liðinni haustönn 2021 og vorönn 2022 eða fyrir lok júní. Ljóst þykir að erfitt er að nýta fjármagn aftur í tímann þar sem haustönnin var liðin þegar fjármagnið barst. Þá þurfi að hlaupa hratt á vorönninni enda stuttur tími veittur til að nýta fjármagnið.


Heildarfjöldi nemendastunda




Skipting nemendastunda




Heildarfjöldi nemenda á milli ára (kynjaskipt)




Heildarfjöldi nemenda á milli ára



Aldursdreifing nemenda



Fjöldi viðtala á milli ára



ÍSLENSKA SEM ANNAÐ MÁL

Á árinu 2021 voru alls haldin 121 íslenskunámskeið með 1.513 þátttakendum sem luku námskeiðum með 75% mætingu að lágmarki. Af þeim fóru 37 námskeið fram í fjarnámi að hluta til eða að öllu leyti. Ljóst þykir að fjarnám á öllum stigum hafi fest sig í sessi hjá Mími.

Fjölmargir hagaðilar komu saman í júní og tóku þátt í að greina bæði innra og ytra umhverfi Mímis varðandi íslenskunámskeið fyrir útlendinga en greiningin var hluti af heildarendurskoðun á námi og kennslu í íslensku sem öðru máli hjá Mími.

Markmið þessarar vinnu er að Mímir veiti viðskiptavinum sínum framúrskarandi þjónustu við nám og kennslu. Hagaðilar voru fulltrúar úr hópi viðskiptavina Mímis, bæði þeir sem hafa sótt námskeið í íslensku og fulltrúar atvinnurekenda á vinnustöðum sem skipta við Mími. Þá tóku þátt í greiningunni fulltrúar úr kennarahópi Mímis, samtökum atvinnurekenda, samtökum innflytjenda og þjónusturáðgjafar innflytjenda sem og starfsfólk Mímis.

Almenn íslenskunámskeið

Námskeiðin í íslensku fyrir útlendinga árið 2021 voru á sex stigum auk sérstakra talþjálfunarnámskeiða og voru í boði bæði morgun- og kvöldnámskeið. Boðið var upp á stig 1 og 2 í íslensku fyrir sjö mismunandi tungumálahópa þar sem kennarinn styðst við móðurmál nemenda, til dæmis arabísku, pólsku og taílensku. Kennsla á almennum íslenskunámskeiðum fór fram á tveimur stöðum: í Höfðabakka og í húsnæði Mímis að Öldugötu 23. Kennsla og námsefni tekur mið af námskrá mennta- og menningarmálaráðuneytisins og er lögð áhersla á fjölbreyttar kennsluaðferðir,

rafrænar leiðir auk hefðbundinna verkefna sem efla almenna íslenskuþekkingu og færni í að nota tungumálið í daglegu lífi.

Íslenskunámskeið fyrir fyrirtæki

Starfstengdum námskeiðum í íslensku fjölgaði um 27% á milli ára en alls voru haldin 19 námskeið hjá fimm fyrirtækjum en þau voru 15 árið áður.


Í samstarfi Mímis og fyrirtækja var lögð áhersla á markviss og árangursrík íslenskunámskeið sem koma til móts við þarfir bæði vinnustaða og starfsmanna. Áframhaldandi samstarf var við Landspítalann um íslenskunámskeið fyrir erlent starfsfólk sem starfar við umönnun, fyrir fagmenntað fólk, svo sem lækna, hjúkrunarfræðinga, geislafræðinga og fleiri starfsstéttir.

Próf í íslensku fyrir umsækjendur um íslenskan ríkisborgararétt


Þeim sem þreyttu próf sem hluta af umsókn um íslenskan ríkisborgararétt fjölgaði um 30% milli ára en 538 manns tóku prófið árið 2021 en þeir voru 384 árið 2020. Leiða má líkur að því að áhrif samkomutakmarkana skili sér nú í uppsafnaðri þörf með þessari aukningu milli ára.

Mímir sér um framkvæmd íslenskuprófa vegna umsókna um íslenskan ríkisborgararétt en prófin eru á vegum Menntamálastofnunar. Prófað er í skilningi, ritun, hlustun og tali. Prófaloturnar fóru fram tvisvar á árinu, önnur í lok maí og hin í lok nóvember. Prófin fóru fram í húsakynnum Mímis á Höfðabakka en einnig hjá Símei á Akureyri, Fræðslumiðstöð Vestfjarða á Ísafirði og Austurbrú á Egilsstöðum.

Íslenska sem annað mál - nemendastundir á milli ára



Almennar námsbrautir - nemendastundir á milli ára





ALMENNAR NÁMSBRAUTIR

Nám og þjálfun í almennum bóklegum greinum

Grunnmennt 2 – 200 klukkustundir

Á árinu lögðu tveir nemendahópar stund á nám í almennum bóklegum greinum, annar vorið 2021 og síðari haustið 2021. Haustið 2021 var kennt samkvæmt nýrri námskrá, Grunnmennt 2. Megináhersla námsins er nám og þjálfun í íslensku, ensku, dönsku og stærðfræði, auk þjálfunar í námstækni, sjálfsþekkingu og samskiptum. Þeir sem ljúka námi af brautinni Grunnmennt 2 hafa hlotið nægan undirbúning til að hefja nám í Menntastoðum.

Menntastoðir

460 klukkustundir

Á árinu lögðu átta nemendahópar stund á nám í Menntastoðum. Námsbrautin veitir þeim sem ná tilskildum árangri greiðan aðgang að undirbúningsdeildum háskóla og eru nemendur þar með komnir í láns hæft nám. Helstu námsgreinar eru, auk námstækni og sjálfsstyrkingar: íslenska, enska, danska, stærðfræði, tölvu- og upplýsingatækni og lokaverkefni. Nemendum stendur til boða að ljúka Menntastoðum á einni önn í staðnámi, á tveimur önnum í dreifnámi eða í fjarnámi.

Íslensk menning og samfélag

116 klukkustundir

Á árinu lagði einn nemendahópur stund á nám í Íslenskri menningu og samfélagi. Megináhersla námsins er að auðvelda fólki af erlendum uppruna aðlögun að íslenskum vinnumarkaði og samfélagi. Í náminu er lögð áhersla á íslenskt mál, menningu, samfélag og atvinnulíf ásamt því að byggja upp sjálfstraust og samskiptafærni. Gert er ráð fyrir að nemendur hafi grunnkunnáttu í íslensku, tali og skilji einfalt mál en kennsla fer að öllu jöfnu fram á íslensku.

Að lesa og skrifa á íslensku

80 klukkustundir

Á árinu lögðu fjórir nemendahópar stund á nám í Að lesa og skrifa á íslensku. Námið er hugsað fyrir fólki af erlendum uppruna sem þarf þjálfun við að lesa og skrifa á íslensku, glímur við ólæsi eða hefur ekki náð tökum á latneska letrinu. Námsgreinar eru lestur, ritun, tölvuþjálfun og sjálfsstyrking.

Líf og heilsa – lífsstílsþjálfun

60 klukkustundir

Á árinu lagði einn hópur stund á nám í Líf og heilsa – lífsstílsþjálfun. Markmið námsins er að auka þekkingu námsmanna á áhrifabáttum heilsu, leikni þeirra í heilsulæsi og hæfni til að taka ábyrgð á eigin heilsu. Það er ætlað þeim sem vilja bæta eigin heilsu.

Nemandi í grunnmenntaskólanum

„Ég er svo ánægð að hafa tekið það skref að skrá mig aftur í nám. Ég er verulega ánægð að hafa valið Mími. Frábærir kennarar, gott skipulag og virkilega skemmtilegt.“





Starfstengdar námsbrautir

Fagnámskeið I og II fyrir starfsmenn leikskóla

140 klukkustundir

Á árinu lögðu tveir nemendahópar stund á nám í Fagnámskeiði I og II fyrir starfsmenn leikskóla sem er nám í grunnatriðum leikskólastarfs fyrir starfsfólk leikskóla. Það er haldið í samstarfi við Eflingu stéttarfélag. Að námi loknu sækja margir um áframhaldandi nám á Leikskólaliðabréfi.

Fagnámskeið I og II í aðhlynningu og umönnun

140 klukkustundir

Á árinu lögðu fimm nemendahópar stund á nám í Fagnámskeiði I og II í aðhlynningu og umönnun í samstarfi við Eflingu - stéttarfélag.

Námið er grunnnám fyrir starfsfólk við umönnun og aðhlynningu en að því loknu halda margir áfram og ljúka námi af Félagsliðabréfi.

Leikskólaliðabréfi

380 klukkustundir

Á árinu lögðu tveir nemendahópar stund á nám við Leikskólaliðabréfi. Leikskólaliðabréfi er tveggja ára nám á framhaldsskólastigi samhliða starfi og veitir það starfsheitið leikskólaliði. Námsbrautin er haldin í samstarfi við Eflingu - stéttarfélag.

Félagsliðabréfi

320 klukkustundir

Á árinu lagði einn nemendahópur stund á nám við Félagsliðabréfi. Félagsliðabréfi er fjögurra ára nám á framhaldsskólastigi samhliða starfi og veitir það starfsheitið félagsliði. Námsbrautin er haldin í samstarfi við Eflingu - stéttarfélag.

Samfélagstúlkun

130 klukkustundir

Á árinu lögðu tveir nemendahópar stund á nám í Samfélagstúlkun. Námið er ætlað þeim sem sinna eða hafa hug á að sinna starfi við samfélagstúlkun sem felst í því að miðla munnlega merkingu á milli aðila sem ekki tala sama tungumál, án þess að taka afstöðu til viðfangsefnisins.

Námskráin er byggð á starfaprófilnum „Samfélags-túlkur“.

Ferðapjónusta 1

45 klukkustundir

Á árinu lögðu tveir hópar stund á nám í Ferðapjónustu 1. Námið er ætlað þeim sem eru að stíga fyrstu skrefin í starfi við ferðapjónustu eða hafa hug á að sinna slíkum störfum. Námið er einnig góður undirbúningur fyrir frekara nám á sviði ferðapjónustu.

Upplýsingatækni - þjónusta og miðlun

120 klukkustundir

Á árinu lagði einn hópur stund á nám í Upplýsingatækni, þjónustu og miðlun. Námið er ætlað þeim sem sinna eða hafa hug á að sinna starfi við upplýsingatækni þar sem námsmaður öðlast leikni í að nota algengar hugbúnaðarlausnir við vinnu með rafrænar upplýsingar og þekkingu og skilning á vinnubrögðum, verkferlum, lögum og reglum sem varða öryggi upplýsingakerfa og meðferð, birtingu og hýsingu upplýsinga.

Námskráin er byggð á starfaprófilnum „Starf í upplýsingatækni“.

Skrifstofuskólinn

160 klukkustundir


Á árinu lögðu þrír nemendahópar stund á nám í Skrifstofuskólanum en hann er samstarfsverkefni Nýja tölvu- og viðskiptaskólans (NTV) og Mímis. Um er að ræða vinsælt og hagnýtt nám þar sem þátttakendur fá þjálfun í almennum skrifstofustörfum. Námsaðferðir byggjast á hagnýtum viðfangsefnum og er kennt samkvæmt nýlega endurskoðaðri námskrá.

Sölu-, markaðs- og rekstrarnám


273 klukkustundir

Á árinu lögðu tveir nemendahópar stund á Sölu-, markaðs- og rekstrarnám en námsbrautin er haldin í samstarfi við Nýja tölvu- og viðskiptaskólann (NTV). Námsbrautin hentar þeim sem hafa áhuga á að vinna við sölu-, rekstrar- og markaðsmál og þeim sem vilja stofna til eigin reksturs. Markmiðið er að þátttakendur öðlist þá innsýn og færni í viðskipta-, markaðs- og sölumálum sem þarf til að undirbúa eigin rekstur eða til að starfa sem sölu- og markaðsfulltrúi stærri fyrirtækja.

Starfstengdar námsbrautir - nemendastundir á milli ára



Tungumál - nemendastundir á milli ára



Nemandi í menntastoðum

„Virkilega flottur kennari, var mjög kvíðin að læra dönsku en hún gerði tímana svo skemmtilega að þetta varð ekkert mál.“



ÖNNUR NÁMSKEIÐ

Tungumálanámskeið

12 klukkustundir

Fimm námskeið í erlendum tungumálum voru haldin á árinu. Námskeið í spænsku var hvað vinsælast. Námskeiðum í erlendum tungumálum fækkaði um fjögur námskeið á milli ára.

Starfslokanámskeið

11 klukkustundir

Tvö starfslokanámskeið voru haldin í samstarfi við Eflingu - stéttarfélag fyrir félagsmenn Eflingar. Á námskeiðunum er fjallað um lífeyristryggingar, réttindi félagsmanna Eflingar, heilsu, hreyfingu og næringu, réttindi vegna heilbrigðisþjónustu, búsetumál, frístundir og starfslok.

Framhaldsnám félagsliða

37 klukkustundir

Framhaldsnámskeið um fötlun var haldið á haustönn í samvinnu við Eflingu - stéttarfélag. Námið er sérhannað fyrir félagsliða. Eitt námskeið fór fram á árinu.

Dyravarðanámskeið

16 klukkustundir

Tveir nemendahópar luku Dyravarðanámskeiði á árinu. Námskeiðið er liður í samstarfsverkefni Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, Reykjavíkurborgar, Samtaka ferðaþjónustu (SAF) fyrir hönd skemmtistaða í Reykjavík og Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins (SHS) um ofbeldislausu og örugga skemmtistaði í Reykjavík. Samkomulagið miðar að bættum samskiptum og samstarfi milli þessara aðila. Jafnframt snýr verkefni hópsins að öruggum borgum (e. Safe Cities) sem Reykjavíkurborg er aðili að. Í aðgerðaáætlun samkomulagsins er tilgreint að eingöngu starfi dyraverðir sem lokið hafa námskeiði og lögreglustjóri hefur samþykkt. Tilgangur námsins er fyrst og fremst að efla dyraverði í starfi en einnig er því ætlað að stuðla að öryggi starfsfólks og gesta vinnuveitindahúsa.

Starfsmaður 21. aldarinnar

28 klukkustundir

Eitt námskeið var haldið í samvinnu við Starfsafl, Landsmennt, Sveitamennt, Ríkismennt og Starfsmenntasjóð verslunar- og skrifstofufólks. Námskeiðið er ætlað öllum þeim sem vilja styrkja sig gagnvart tækni. Leitast er við efla fólk í þeirri tækni sem mest ákall er um að það tileinki sér til að styrkja stöðu sína á vinnumarkaði.

Vertu betri í tækni

20 klukkustundir

Tvö námskeið voru haldin í samvinnu við Vinnumálastofnun. Námskeiðið er ætlað öllum þeim sem vilja styrkja sig gagnvart tækni. Leitast er við að efla fólk í þeirri tækni sem mest ákall er um að það tileinki sér til að styrkja stöðu sína á vinnumarkaði.

Landneminn - samfélagsfræðsla fyrir flóttafólk

40 klukkustundir

Fjögur námskeið voru haldin í samfélagsfræðslu fyrir flóttafólk í samstarfi við Vinnumálastofnun, tvö á ensku og tvö á arabísku. Námskeiðið er hluti af verkefninu Landneminn. Samfélagsfræðsla og markmið námskeiðsins er að veita nemendum upplýsingar og innsýn í mikilvæga þætti sem snúa að því að búa og starfa á Íslandi og varða bæði lög og hagnýtar upplýsingar um almenning, stofnanir og þjónustu auk menningartengdra þátta sem snúa að daglegu lífi. Einnig að virkja þátttakendur til sjálfstæðrar upplýsingaleitar og kynnast rafrænum lausnum sem hluta af daglegu lífi á Íslandi. Áhersla er á virka þátttöku þátttakenda. Kennsluefni og kennsla fer fram á móðurmáli nemenda.

Landneminn - samfélagsfræðsla fyrir flóttafólk/ kennslufræðinámskeið

15 klukkustundir

Þrír hópar luku kennslufræðinámskeiði fyrir leiðbeinendur í samfélagsfræðslu fyrir flóttafólk sem haldið var í samstarfi við Vinnumálastofnun; tveir staðnáms hópar, annar á ensku og hinn á íslensku og einn fjarnáms hópur. Á námskeiðinu er farið yfir kennsluefni í samfélagsfræðslu fyrir flóttafólk auk þess sem hagaðilar kynna þarfir markhópsins út frá þörfum stofnana.

Nemandi í dyravarðanami

„Áhugaverðasti og beinskeyttasti fyrirlestur sem ég hef setið. Komið sér beint að efninu.“



Nemandi í dyravarðanámi

„I appreciate the teachings from everyone from different departments. They explained in detail the procedures involved.“





RÁÐGJÖF OG STÖÐUMAT

Náms- og starfsráðgjöf

Viðtölum hjá náms- og starfsráðgjöfum Mímis fjölgaði um 34% en í heildina fóru fram 1717 viðtöl árið 2021 en þau voru 1283 árið 2020. Inni í þessari tölu eru öll ráðgjafaviðtöl óháð því hver greiðir þau. Mímir var í samstarfi við fleiri en Fræðslusjóð á árinu um náms- og starfsráðgjöf en samstarfssamningar voru gerðir við Vinnumálastofnun, VR og Eflingu - stéttarfélag um viðtöl fyrir markhópa þeirra.

Mímir er með þjónustusamning við Fræðslusjóð til að geta sinnt náms- og starfsráðgjöf og tekur umfang þjónustunnar mið af þeim samningi. Viðtöl hjá Mími sem Fræðslusjóður greiddi voru samtals 1489 en þau voru 1283 árið 2020 eða um 16% aukning á milli ára. Enda þótt framlag Fræðslusjóðs til náms- og starfsráðgjafa hafi hækkað um tæp 8% að nafnvirði á milli árunna 2020 og 2021 skýrist fjölgun viðtala á því að hlaupa þurfti hraðar fyrir svipaða úthlutun frá Fræðslusjóði á milli ára því stjórn Fræðslusjóðs ákvað á fundi sínum 5. janúar 2021 að lækka verð ráðgjafaviðtala. Þannig lækkuðu einstaklingsviðtöl um 10% frá verðlista 2020 og hópráðgjöf um 50%.

Viðtöl fyrir atvinnuleitendur í samstarfi við Vinnumálastofnun voru samtals 187 í gegnum vinnumarkaðsáttakið *Nám er tækifæri*. Þá fór samtals 41 viðtal fram í samstarfi við stéttarfélög; 25 viðtöl fyrir félagsmenn VR og 16 fyrir félagsmenn Eflingar.

Stöðugildi náms- og starfsráðgjafa voru 3,7 sem fjórir ráðgjafar sinntu og voru stöðugildin því 0,7 fleiri en á fyrra ári.

Heimsfaraldur Covid-19 hafði ekki áhrif á inntak helstu verkefna náms- og starfsráðgjafa hjá Mími. Verkefnin voru nú sem áður ráðgjöf til einstaklinga og verkefnastjórnun í raunfærnimati. Hins vegar hafði heimsfaraldurinn þau áhrif að aðferðafræðin við framkvæmd viðtala breyttist með þeim hætti að fleiri viðtöl fóru fram í gegnum fjarfundabúnað en áður. Sé horft til viðtala sem Fræðslusjóður greiddi varð tíðni rafrænnar ráðgjafa örllítið hærri en ráðgjafar sem veitt var á staðnum eða 762 rafræn viðtöl á móti 727 viðtölum á staðnum. Fjölgun rafrænna viðtala skýrist helst af þeirri miklu vinnu sem var lögð í stuðning við nemendur á tímum samkomutakmarkana og þeirra áskorana sem af þeim hlaut á skólasterfið í Mími. Þá var minna um hópráðgjöf, kennslu í námsbrautum og ráðgjöf inn í fyrirtæki. Ljóst þykir að rafræn ráðgjöf er komin til að vera og að sífellt fleiri kjósa að sækja sér þjónustu með þeim hætti. Kostir rafrænnar ráðgjafa eru meðal annars þeir að aðgengi að náms- og starfsráðgjöf eykst óháð stað og rúmi.

Sjálf ráðgjöfin var hefðbundin að mestu leyti og skipti þá ekki máli hvort hún væri rafræn eða staðbundin. Allir starfsmenn Mímis eru samstarfsaðilar ráðgjafa og beina fólki í ráðgjöf ásamt því að leita ráða um hin ýmsu málefni tengd nemendum. Áfram var farið yfir náms- og starfsferil ráðþega og upplýsingar veittar um nám sem í boði er. Þá var mikil áhersla lögð á stuðning við nemendur, sérstaklega meðan á heimsfaraldri stóð. Náms- og starfsráðgjafar hjá Mími lögðu ríka áherslu á að hafa samband við nemendur, hvetja þá áfram í náminu, benda þeim á leiðir til að takast á við hindranir í námi og tileinka sér góð vinnubrögð þrátt fyrir faraldurinn. Athygli vakti að þegar faraldur-



inn var í niðursveiflu kusu ráðþegar frekar að mæta á staðinn í viðtal en að fá rafræna ráðgjöf.

Mímir bauð upp á náms- og starfsráðgjöf í samstarfi við Eflingu fyrir þá félagsmenn Eflingar sem tilheyrðu markhópi framhaldsfræðslunnar. Heimsfaraldurinn hafði þau áhrif að færri sóttu sér viðtöl en búist var við en alls voru viðtölin 16 talsins. Félagsmönnum stóð til boða aðstoð við að greina stöðu sína námslega og á vinnumarkaði sem og að kanna leiðir til starfsþróunar. Þá fengu félagsmenn jafnframt upplýsingar um fræðsluúrræði, atvinnumöguleika og raunfærnimat. Um var að ræða ráðgjöf á bæði íslensku og ensku, eftir aðstæðum hverju sinni. Ráðgjöfin var í boði annan hvern miðvikudag og fór fram í húsakynnum Eflingar.

Einnig bauð Mímir upp á rafræna starfsþróunarráðgjöf fyrir félagsmenn VR. Viðtölin eru til þess fallin að veita stuðning og upplýsingar um mögulegar leiðir til frekari starfsþróunar. Markmið ráðgjafarinnar er að aðstoða félagsfólk við ákvarðanatöku um nám eða stöðu á vinnumarkaði sem og að kanna leiðir til starfsþróunar. Leitast er við að veita einstaklingsmiðaða ráðgjöf sem getur verið bæði á íslensku og ensku, eftir aðstæðum hverju sinni.

Náms- og starfsráðgjafar unnu að fjöldamörgum þróunarverkefnum í samstarfi við aðra starfsmenn Mímis, fyrirtæki á vinnumarkaði og í erlendu samstarfi sem nýtist markhópi framhaldsfræðslunnar vel. Þá sóttu ráðgjafar námskeið og fyrirlestra hérlandis á árinu og voru þeir allir haldnir með stafrænum hætti.

Ráðgjöf fyrir atvinnuleitendur

Einstaklingsviðtöl sem tengjast starfsþróun voru stór þáttur í starfinu, ekki síst árið 2021 þegar atvinnuleysi

jókst. Náms- og starfsráðgjafar veittu atvinnuleitendum leiðsögn við gerð ferilskrár og almennrar færniskráningar, aðstoðuðu þá við að skipuleggja starfsleit og skoða leiðir til að styrkja stöðu sína á vinnumarkaði. Þá veittu náms- og starfsráðgjafar Mímis atvinnuleitendum fjölbreytta ráðgjöf, svo sem um námstækni, áhugasviðsgreiningu, sjálfsskoðun, sjálfsefningu ásamt mati á fyrra námi.

Mímir hóf samstarf við Vinnumálastofnun um náms- og starfsráðgjöf fyrir atvinnuleitendur í gegnum vinnumarkaðsátakið *Nám er tækifæri* og urðu viðtölin samtals 187 talsins. Lögð var áhersla á að virkja atvinnuleitendur, einkum þá sem höfðu verið án atvinnu í sex mánuði eða lengur, með náms- og starfsráðgjafarviðtölum eða öðrum þeim vinnumarkaðsúrræðum sem hentuðu viðkomandi einstaklingi.

Raunfærnimat

Alls fóru 56 einstaklingar í gegnum raunfærnimat hjá Mími á árinu en þeir voru 80 árið á undan. Fækkunin nemur 30% á milli ára og skýrist líklega af áhrifum heimsfaraldursins og hafði starfsmannaekla á vinnustöðum og álag meðal annars áhrif á aðsóknina í raunfærnimatið, ásamt því að enginn hópur fór af stað í almennri starfshæfni. Flestir fóru í gegnum raunfærnimat í verslun og þjónustu sem er fyrir starfandi verslunarfólk þar sem kunnátta og hæfni hvers og eins er metin til eininga á móti kenndum áföngum í Verzlunarskóla Íslands. Enginn sótti raunfærnimat hjá Mími í gegnum vinnumarkaðsátak Vinnumálastofnunar Nám er tækifæri.

Raunfærni er samanlögð færni sem náð er með ýmsum hætti í námi, starfi eða einkalífi. Raunfærnimat er staðfesting og mat á raunfærni. Eins er það gott tæki



til starfspróunar og sjálfsefingar hvort sem metið er á móti námskrá eða viðmiðum atvinnulífsins. Ávinningurinn skilar sér bæði fyrir einstaklinginn og samfélagið. Mímir hefur aðgang að framúrskarandi matsaðilum í öllum greinum raunfærnimats sem fram fer hjá Mími úti í skólum og fyrirtækjum.

Raunfærnimat er stór þáttur í verkefnum náms- og starfsráðgjafa en þeir sjá um verkefnastjórn og ráðgjöf í því. Þrátt fyrir ástandið í samfélaginu vegna heimsfaraldurs Covid-19 var unnið að eftirfarandi raunfærnimatsverkefnum:

- Raunfærnimat á móti viðmiðum félags- og tómstundabrautar, leikskólaliðabrautar og félagsliðabrautar. Fór fram í rafrænni ráðgjöf.
- Raunfærnimat í almennum bóklegum greinum (ensku, íslensku, stærðfræði og dönsku). Fór fram í rafrænni ráðgjöf.
- Raunfærnimat á móti fagnámi í verslun og þjónustu. Raunfærnimat í fagnámi verslunar og þjónustu er fyrir starfandi verslunarfólk þar sem kunnátta og hæfni hvers og eins er metin til eininga á móti kenndum áföngum í Verzlunarskóla Íslands. Fór raunfærnimatið ymist fram rafrænt eða á staðnum.

Að auki var samstarf við Visku - Fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja um raunfærnimat í skipstjórn. Þar voru ráðgjafar þátttakendum innan handar í matsviðtölum.

Þá verður haldið áfram að vinna að raunfærnimati á árinu 2022 samkvæmt samningi við Fræðslusjóð fyrir árið 2021 sem ekki tókst að ljúka fyrir áramót.

Stöðumat í íslensku

Hjá Mími er væntanlegum þátttakendum á almennum íslenskunámskeiðum boðið að sækja stöðumat í íslensku svo hægt sé að ráðleggja það námskeið sem hentar best. Stöðumat í íslensku er bæði skriflegt og munnlegt. Það er auglýst og haldið áður en vor- og haustönn hefst en einnig geta nemendur sótt stöðumatið fyrir einstakar lotur í íslenskunámskeiðunum. Á árinu þreyttu alls 206 einstaklingar stöðumat í íslensku. Þá býður Mímir upp á próf í íslensku sem hægt er að nýta til umsóknar um ótímabundið dvalarleyfi hér á landi. Staðfestingar frá Mími þar að lútandi eru viðurkenndar af Útlendingastofnun en 58 manns sóttu slíkt stöðumat árið 2021. Að auki hefur Mímir í mörg ár boðið hjúkrunarfræðingum af erlendum uppruna upp á að taka sérstakt próf í íslensku til að meta getu sína í málinu áður en þeir sækja um starfsleyfi til Landlæknisembættisins til að starfa sem hjúkrunarfræðingar á Íslandi. Tveir þreyttu slíkt stöðumat á árinu.

Alls þreyttu 266 einstaklingar stöðumat í íslensku árið 2021.

Prófamiðstöð

Samstarf Mímis við háskóla hélt áfram og sneri að því að bjóða upp á aðstöðu til próftöku fyrir háskólanema. Próftaka jókst um 68% á milli ára en 649 manns tóku próf hjá Mími árið 2021 en 204 árið 2020. Háskólinn á Akureyri og Mímir hófu samstarfið haustið 2019 sem gengur út á það að veita nemendum háskólans aðstöðu til próftöku bæði á símatdögum og í prófatíðum háskólans. Mímir sér um fyrirlögn prófanna fyrir háskólann. Sambærileg þjónusta er við nemendur Háskólans á Bifröst og Landbúnaðarháskóla Íslands sem einnig þreyttu próf í húsnæði Mímis.



ÞRÓUNAR- OG SAMSTARFSVERKEFNI

Þróunar- og samstarfsverkefni er mikilvægur þáttur í starfsemi Mímis. Unnið var að ellefu slíkum verkefnum árið 2021 með fyrirtækjum og stofnunum sem styrkt eru af opinberum aðilum, aðilum vinnumarkaðarins, Erasmus+ og/eða Nordplus. Áhersla var lögð á verkefni sem miða að því að efla þekkingu og færni á ýmiss konar tækni sem snertir nám og kennslu.

Lítils háttar breytingar urðu á nokkrum erlendum samstarfsverkefnum meðan á heimsfaraldri Covid-19 stóð. Flest verkefni hieldu áfram samkvæmt áætlun en þó með breyttu formi funda sem urðu rafrænir.

Landneminn – samfélagsfræðsla *Nóvember 2019 til september 2021*

Verkefnið var unnið í samstarfi við Vinnumálastofnun og sneri að gerð fræðsluefnis í samfélagsfræðslu fyrir flóttafólk auk kennsluáætlunar fyrir námskeiðið í heild. Við gerð fræðsluefnisins var leitað til ýmissa hagaðila um yfirlestur og ábendingar en efnið tekur til margra ólíkra samfélagslegra þátta. Mímir vann auk þess kennsluleiðbeiningar fyrir kennara sem koma til með að kenna á námskeiði í samfélagsfræðslu fyrir flóttafólk. Þá hélt Mímir undirbúningsnámskeið í sam-

starfi við Vinnumálastofnun fyrir verðandi kennara á námskeiðinu. Á námskeiðinu var meðal annars farið yfir kennslufræði fyrir fræðsluefnið auk þess sem hagaðilar kynntu þarfir markhópsins út frá þörfum stofnana (Rauða krossins á Íslandi, Alþýðusambands Íslands, Miðju máls og læsis og flóttamannateymis Reykjavíkurborgar).

Fræðslusjóður og þróunarsjóður

Þróun stafrænnar handbókar með myndefni í náms- og starfsráðgjöf *Júní 2019 til júní 2021*

Verkefnið sneri að því að hanna stafræna handbók í náms- og starfsráðgjöf með myndefni sem nýtist fræðsluaðilum og einstaklingum í atvinnulífinu sem og þeim sem eru án atvinnu. Í handbókinni er meðal annars myndefni um gerð ferilskrár og kynningarbréfs. Fjallað er um það hvernig eigi að bera sig að í atvinnuviðtali, ráðgjöf veitt varðandi fyrstu skref í námi og um tæknistudda námstækni.

Þróunarsjóður framhaldsfræðslunnar styrkti verkefnið.

Að lesa stærðfræði – sjálfsstyrking fyrir nemendur *Ágúst 2019 til maí 2021*

Verkefnið Að lesa og skrifa stærðfræði – sjálfsstyrking fyrir nemendur í stærðfræði hefur fyrst og fremst það markmið að greiða veg nemenda í framhaldsfræðslunni gagnvart stærðfræði og veita þeim sjálfstraust til að takast á við helstu hindranir á námsferlinum. Verkefnið miðaði að því þróa og skrá nýja fjarfundkennslu-aðferð í stærðfræði sem gengur út á það að nálgast stærðfræðina heildrænt þar sem byggt er á lestrarhæfni og lesskilningi nemenda. Aðferðafræðin takmarkast við viðfangsefni stærðfræðinnar sem kennd eru á unglingastigi í grunnskóla og á fyrstu tveimur árum framhaldsskóla. Helstu hugtök og viðfangsefni stærðfræðinnar eru útskýrð í rafrænu fræðsluhefti með öðrum hætti en þeim sem flestir nemendur hafa kynnst á skólagöngu sinni. Þróunarverkefnið hefur vakið athygli bæði á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndunum í gegnum NVL (Nordisk Netværk for Voksnes Læring). Þá hefur kennslu-aðferðin gefið góða raun og árangur meðal markhóps framhaldsfræðslulaga.

Þróunarsjóður framhaldsfræðslunnar styrkti verkefnið.

Að lesa stærðfræði – námskeið fyrir kennara *Janúar 2021 til janúar 2022*

Markmið verkefnisins er að útbúa og framkvæma námskeið fyrir stærðfræðikennara í framhaldsfræðslu til að innleiða kennslu-aðferðina Að lesa stærðfræði fyrir markhóp framhaldsfræðslunnar og koma þannig leiðbeinendum af stað við að nota hana. Um 16 manns sóttu námskeiðið hjá Mími sem haldið var í gegnum fjarfundabúnað. Þátttakendur komu víða að og voru mjög áhugasamir um aðferðafræðina sem kynnt var á námskeiðinu. Meðal þátttakenda voru stærðfræðikennarar í framhaldsfræðslu, starfsmenn símenntunarmiðstöðva og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Námskeiðið byggist á þróunarverkefninu Að lesa og skrifa stærðfræði – sjálfsstyrking fyrir nemendur í stærðfræði sem Mímir hlaut fjárstyrk fyrir á síðasta ári.

Þróunarsjóður framhaldsfræðslunnar styrkti verkefnið.

Rafrænt íslenskumat fyrir atvinnulífið *Október 2019 til júní 2022*

Verkefnið snýr að því að hanna rafrænt íslenskumat fyrir atvinnulífið sem nýtist fræðsluáðilum, vinnustöðum og Vinnumálastofnun. Markhópurinn er starfsfólk og þjónustuþegar af erlendum uppruna. Afurð verkefnisins verður íslenskumat sem gert er ráð fyrir að muni auka gagnsæi og gæði við mat á kunnáttu í íslensku. Verkefnið er útbúið með tilliti til þess að það muni nýtast fræðsluáðilum við hönnun á markvissum námskeiðum í íslensku. Þá muni það einnig nýtast fyrirtækjum og stofnunum sem hafa starfsmenn af erlendum uppruna ásamt starfsmönnum sjálfum.

Þróunarsjóður framhaldsfræðslunnar styrkti verkefnið.

Nýir tímar, ný hæfni *Júní 2021 til maí 2023*

Verkefnið snýr að því að þróa netnámskeið í forritun fyrir markhóp framhaldsfræðslunnar þar sem tvinnuð er saman starfstengdri íslenskukennslu fyrir innflytjendur. Forritun er einn af færniþáttum framtíðar sem krefst ekki háskólamenntunar eða sérstakrar tungumálaþekkingar. Markmiðið með námskeiðinu er að þjálfar fleiri hæfniþætti sem nýtast í framtíðinni sem geta skapað aukin atvinnutækifæri hérlandis og erlendis og menntunartækifæri.

Þróunarsjóður framhaldsfræðslunnar styrkti verkefnið.

Parfa- og væntingagreining *Júní 2021 til maí 2023*

Verkefnið snýr að þarfa- og væntingagreiningu meðal innflytjenda um íslenskukennslu í fullorðinsfræðslu. Kennslan verður tilraunakennd og skilar rafrænum leiðarvísir fyrir fræðsluáðila og kennara, í ljósi niðurstaðna rannsóknarinnar Viðhorf innflytjenda á Íslandi til símenntunar og íslenskunámskeiða (60% svarenda lýstu yfir óánægju sinni með íslenskunámið).

Þróunarsjóður framhaldsfræðslunnar styrkti verkefnið.

Erasmus+

Interacte

Október 2019 til september 2022

Markmið verkefnisins er að efla tæknivítund kennara, verkefnastjóra og náms- og starfsráðgjafa á sviði fullorðinsfræðslu með það að markmiði að verða góður og gagnvirkur notandi tækni í námi. Sex stofnanir frá sex löndum í Evrópu taka þátt í verkefninu en þau eru: Ísland, Ítalía, Króatía, Þýskaland, Litáen og Spánn. Samtals taka 79 manns þátt í verkefninu frá stofnunum. Mímir er umsjónaraðili verkefnisins.

Erasmus+ styrkti verkefnið.

Telma

Október 2019 til september 2022

Markmiðið með verkefninu er að þróa sérstaka fagkunnáttu innan Mímis og auka þannig skilvirkni í menntun í samræmi við stefnu fyrirtækisins þar að lútandi. Sex starfsmenn Mímis fá tækifæri til að kynna aðferðum og tækni sem er notuð í kennslu erlendis. Hluti námskeiðsins er undirbúningur þátttakenda á netinu undir leiðsögn leiðbeinenda sem hafa það verkefni að stjórna undirbúningi.

Erasmus+ styrkti verkefnið.



Nordplus

Be Digital – Social Media Skills for 50+

Júlí 2019 til júní 2021

Verkefnið sneri að því að styrkja stöðu starfsfólks, 50 ára og eldri, á vinnumarkaði með tilliti til stafrænnar hæfni. Um er að ræða samstarfsverkefni fjögurra landa: Íslands, Noregs, Lettlands og Litáens. Unnið var að því að hanna námskeið fyrir hópinn sem vinnustaðir geta boðið starfsfólki sínu að sækja sem og stéttarfélag félagsmönnum sínum en markmiðið er að auka færni í notkun samfélagsmiðla að starfslokum og eftir þau. Verkefninu lauk með rafrænni ráðstefnu þar sem fjölmargir fluttu erindi tengt viðfangsefni verkefnisins.

Nordplus, menntaáætlun norrænu ráðherranefndarinnar styrkti verkefnið.

Uppbyggingarsjóður EES og Noregs

Learning lab

Desember 2021 til loka maí 2022

Verkefnið er svokallað Shadow-verkefni þar sem Mímir tekur á móti gestum í vinnustaðahleimsókn frá NOVA Foundation í Gdansk í Póllandi. Heimsóknin miðar að því að kynna framhaldsfræðslu á Íslandi með það að markmiði að efla hæfni stjórnenda, skiptast á reynslu og bestu starfsvenjum og að þróa gæði í fræðslustarfsemi.

Uppbyggingarsjóður EES og Noregs styrktu verkefnið.

Nemandi í íslensku fyrir útlendinga

„I think Mímir is a very good institution. There are very good and patient teachers. I am so glad to be a student at Mímir.“





GÆÐAMÁL

Gæðamál léku stórt hlutverk á árinu 2021 en frá upphafi hefur mikil áhersla verið lögð á gæði í öllu starfi Mímis.

Undirbúningur fyrir EQM+ gæðaúttekt á fræðslustarfssemi Mímis hófst í upphafi árs en úttekt fór fram í nóvember. Mímir hlaut formlega vottun í lok árs. Um er að ræða endurnýjun á EQM+ gæðavottun fræðsluaðila (European Quality Mark) á að starfsemin standist evrópskar kröfur um gæði fræðslustarfs, raunfærnimats og náms- og starfsráðgjafar. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins er vottunaraðili og EQM og EQM+ á Íslandi er gegnsætt matsferli fyrir fræðsluaðila til að meta starfshætti sína út frá viðurkenndum gæðaviðmiðum. Mímir hlaut fyrst gæðavottun EQM árið 2012 og fer úttekt fram á þriggja ára fresti.

Mímir hóf undirbúning umsóknar um viðurkenningu fræðsluaðila en samkvæmt lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 skal mennta- og menningarmálaráðherra, eða aðili sem hann felur það verkefni, veita fræðsluaðilum viðurkenningu til þess að annast framhaldsfræðslu. Í slíkri viðurkenningu felst staðfesting á því að starfsemi fræðsluaðila uppfylli almenn skilyrði laganna og reglna sem settar eru með stoð í þeim. Mímir hefur haft þessa viðurkenningu undanfarinn áratug en komið var að því að sækja um aftur

þar sem fyrri viðurkenning rynni út í upphafi árs 2022. Við feril umsóknar um viðurkenningu fræðsluaðila tók Mímir saman ítarlegar upplýsingar um fyrirtækið, þ.m.t. skipulag, rekstrarfyrirkomulag, fjárhag, hús-næði, aðstöðu og fleiri þætti sem liggja til grundvallar viðurkenningu. Umsókn var lögð fram til Menntamálastofnunar í lok árs og hlaut ný viðurkenning fræðsluaðila í janúar 2022.

Á árinu var gerð áætlun um innra mat sem framkvæmt var í desember og fóru umbætur fram í lok árs.

Mímir hlaut í þriðja sinn viðurkenningu Creditinfo sem framúrskarandi fyrirtæki árið 2021 auk þess að uppfylla fjórða árið í röð ströng skilyrði Viðskiptablaðsins og Keldunnar til að teljast fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri árið 2021. Aðeins 2-3% allra virkra fyrirtækja á Íslandi hljóta þessar viðurkenningar ár hvert.

Á árinu voru kallaðir saman hagaðilar til að greina innra og ytra umhverfi Mímis varðandi íslenskukennslu fyrir útlendinga. Greiningin var hluti af heildarendurskoðun á námi og kennslu í íslensku fyrir útlendinga. Hagaðilar voru fulltrúar úr hópi viðskiptavina Mímis, bæði þeir sem hafa sótt námskeið í íslensku og fulltrúar atvinnurekenda á vinnustöðum sem skipta við Mími. Þá tóku þátt í greiningunni fulltrúar úr kennarahópi



Mímis, samtökum atvinnurekenda, samtökum innflytjenda og þjónusturáðgjafar innflytjenda sem og starfsfólk Mímis.

Leitað var til Origo um að gera úttekt á kerfum Mímis sem varða upplýsingatækniöryggi. Staða Mímis á þessu sviði var metin og yfirsýn veitt yfir hvar

mögulegir öryggisbrestir liggja í núverandi umhverfi. Þá voru lagðar til umbætur sem strax var ráðist í að framkvæma í samvinnu við þjónustuaðila Mímis í tæknimálum.

Gæðateymi vann áfram að útgáfu nýrra gæðaskjala og endurnýjun annarra, hliðstætt við árin á undan.

KYNNINGAR- OG MARKAÐSMÁL

Gerðir voru kynningarbæklingar bæði um nám og raunfærnimat sem flestir voru á rafrænu formi. Þjónusta við viðskiptavinum var þróuð enn frekar í gegnum vef og áfram var notast við samfélagsmiðlana Facebook, Instagram, Youtube og Google til að kynna starfsemi Mímis. Þá voru námsbrautir kynntar í útvarpi í samstarfi við Birtingahúsið.

Birtar voru auglýsingar á strætóskýlum til að kynna íslenskunámskeið. Þá tók Mímir þátt í þeim viðburðum sem þóttu henta til að nálgast markhóp sinn hverju sinni. Áfram var unnið að bættu aðgengi á vef Mímis en gerðar voru útlitsbreytingar á helstu síðum, texti

endurunninn með það að augnamiði að gera hann notendamiðaðri og sölusíður endurunnar og einfaldaðar. Þá var tekin í notkun ný bókunarvél á vef Mímis og fer nú bókun viðtala í náms- og starfsráðgjöf eingöngu fram í gegnum hana.

Í aðdraganda alþingiskosninga bauð Mímir stjórn-
málaflokkum að heimsækja fyrirtækið og kynna sér starfsemi þess. Fulltrúar frá fjórum stjórn-
málaflokkum þáðu boðið en þeir voru Samfylkingin, Vinstri hreyfingin grænt framboð, Sjálfstæðisflokkurinn og Viðreisn.



ALMENNUR REKSTUR

Rekstur Mímis skilaði jákvæðri niðurstöðu upp á 7,8 milljónir króna árið 2021. Heildartekjur námu 458,2 milljónum króna og það er nettóhækkun upp á 18 milljónir króna frá árinu á undan. Þá hækkun má alfar-ið rekja til íslenskukennslu fyrir útlendinga en tekjur af henni hækkuðu um 20,6 milljónir króna á milli ára sem er meginskýring á tekjuafgangi ársins.

Framlag mennta- og menningarmálaráðuneytis til íslenskukennslu hefur nokkurn veginn staðið í stað undanfarin ár og því í raun lækkað að verðgildi. Mennta- og menningarmálaráðuneytið veitti hins vegar veglegt viðbótarframlag til íslenskukennslu hjá Mími í lok árs 2021 eftir umsóknarferli. Fjármagninu var úthlutað með þeim fyrirvara að það yrði nýtt á liðinni haustönn 2021 og vorönn 2022 eða fyrir lok júní. Ljóst þykir að erfitt er að nýta fjármagn aftur í tímann þar sem haustönnin var liðin þegar fjármagnið barst. Þá þurfi að hlaupa hratt á vorönninni enda stuttur tími veittur til að nýta fjármagnið. Þess sér ekki merki í rekstrarreikningi 2021 þar sem námskeið sem voru hafin á grunni þess framlags stóðu fram yfir áramót. Uppgjör á framlagi grundvallast á því hve margir luku náminu.


Einingaverð mennta- og menningarmálaráðuneytis til útreiknings á framlagi til íslenskukennslu fyrir útlendinga hefur staðið óbreytt undanfarinn áratug. Það gerir það að verkum að sá hluti sem nemandinn greiðir fyrir námið hækkar stöðugt. Framlög til Mímis

og annarra símenntunarmiðstöðva til kennslu vottaðs náms hafa heldur ekki fylgt verðlagi. Sömu sögu er að segja um verðlistann sem gefinn er út til útreiknings á greiðslum fyrir framkvæmd náms. Verðlistinn er látinn standa óbreyttur á milli árunna 2021 og 2022.

Framangreind atriði sem varða tekjuhlíð rekstrar, verðbólga ársins og spár um aukna og áframhaldandi verðbólgu eru áhyggjuefni fyrir Mími því ýmsir rekstrar-samningar eru bundnir vísitölu. Mímir gjaldfærir öll innkaup varanlegra rekstrarfjármuna nema um sé að ræða kaup á einstökum hlut sem kostar eina milljón eða meira. Sú regla var ákveðin af stjórn árið 2017. Í ljósi þess að Mímir er rekinn án hagnaðarsjónarmiða er talið jákvætt að takmarka möguleika félagsins á að velta kostnaði á undan sér, sérstaklega þau ár sem reksturinn kann að vera í viðkvæmri stöðu. Við það að gjaldfæra eignir aukast líkur á að gjöld verði í takti við tekjur auk þess sem reksturinn verður enn fremur einfaldari og gagnsærri. Þannig verður fyrirsjáanleiki í rekstri meiri. Þessi regla skekkir hins vegar samanburð við afkomutölur (og kennitölur) annarra félaga.

Alþýðusamband Íslands er eini hluthafi Mímis-símenntunar ehf. Enginn arður er greiddur út úr félaginu heldur er rekstrarafgangi hvers árs varið til að efla starfsemi félagsins að mennta- og fræðslumálum fullorðins fólks á íslenskum vinnumarkaði, eins og stofnskrá félagsins mælir fyrir um.

Hlutfallsleg skipting rekstrartekna árið 2021



Nemandi í menntastoðum

„Mjög góður áfangi. Kennslumyndböndin og fljót og góð svör frá kennara til fyrirmyndar.“





MÍMIR
Vertu meira!

Höfðabakki 9 • 110 Reykjavík • s: 580 1800 • mimir.is